

## **72. Fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 7. febrúar 2013, kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.**

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Indriði Þórsoddsson, Reimar Sigurjónsson, Ævar Rafn Marinósson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Steinunn Leósdóttir, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

### **DAGSKRÁ:**

#### **1. Fundargerð sveitarstjórnar nr.71.**

Lögð fram til kynningar.

#### **2. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 803.**

Lögð fram til kynningar.

#### **3. Fundargerð samtök sjávarútvegssveitarfélaga nr. 4.**

Lögð fram til kynningar.

#### **4. Skýrsla sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

- Sveitarstjóri sagði frá símtali sem hann átti við forstjóra símans. Þá tjáði forstjóri símans honum að uppfærsla á símsstöðum á Bakkafirði og Þórshöfn verði á bilinu júlí-sept 2013.
- Sveitarstjóri sagði frá símafundi sem hann átti við bæjarstjóra Norðurþings vegna skólaþjónustu.
- Sveitarstjóri sagði frá styrkúthlutun Framkvæmdarsjóðs ferðamannastaða en Langanesbyggð hlaut kr 1.120.000 í styrk í upplýsingareit á Þórshöfn. Sigríður skrifstofustjóri og Gréta Bergrún starfsmaður Þekkingarnets Þingeyjunga sóttum um þennan styrk.
- Sveitarstjóri kynnti að Sigurbjörg Hulda Kristinsdóttir nemandi í 10 bekk Grunnskólans á Þórshöfn hlaut viðurkenningu frá Landsbyggðarvinum fyrir verkefnið Sköpunarkraftur – Heimabyggðin mín, nýsköpun, heilbrigði og forvarnir. Í tilefni þess var sveitarstjóra var boðið að koma og ávarpa samkomuna en hvorki Sigurbjörg Hulda né sveitarstjóri komust á afhendinguna vegna veðurs.
- Íþróttahúsið. Sundlaugin er komin í lag en þá kom upp vandamál með frárennslið. Fengum tankbíl og búið er að laga það.
- Sveitarstjóri leggur til að haldinn verði íbúafundur á Bakkafirði í næstu viku vegna skólamála.
- Sveitarstjórinn kynnti að Langanesbyggð fékk 71% úthlutað úr varasjóði sveitarfélaga.

#### **5. Fyrirspurn frá Íbúasamtökum Bakkafjarðar dags 31.01.2013.**

Gunnólfur las upp drög að svari til íbúasamtaka Bakkafjarðar um urðunarmál. Gunnólfur fór einnig yfir tölur frá íslenska Gámafélaginu um skiptingu sorps í Langanesbyggð. Fundarmenn ræddu urðunarmálin frá ýmsum hliðum.

Eftirfarandi bókun gerð. Íbúasamtökunum á Bakkafirði eru færðar þakkir fyrir athugasemdir til sveitarfélagsins varðandi urðunarsvæðið á Bakkafirði. Í bréfi íbúasamtakana er verið að fara fram á að sveitarstjórn svari bréfi samtakana sem er í átta liðum.

Sveitarstjóra falið að svara bréfinu frá íbúasamtökunum í heild sinni fyrir 15. febrúar n.k. Sveitarstjóri kynnti að fyrirhugað er að halda íbúafund á Bakkafirði miðvikudaginn 20. febrúar um urðunarmál í sveitarfélaginu. Þar mun Arnar Birgir okkar helsti ráðgjafi í skipulagsmálum og starfsmaður frá Teikn á Lofti verða með erindi. Þar mun hann fara yfir ferilinn í þessum málum. Þá hefur verið óskað eftir fulltrúa frá Íslenska Gámafélaginu á fundinn sem og Þorkeli Björnssyni, heilbrigðisfulltrúa. Samþykkt með með 6 atkvæðum. 1. sat hjá.

#### **6. Hallgilsstaðir.**

Fundarstjóri bar það undir fundinn að færa þennan lið undir trúnaðarmál. Samþykkt samhljóða.

### **Fundi lokað og eftirtaldir liðir færðir í trúnaðarbók**

#### **7. Trúnaðarmál .**

**Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða**

**Fundi slitið 19:26**